Kynningarfundur um fiskeldi
Grunnskóla Reyðarfjarðar, 2. mars 2017

# STAÐA FISKELDISMÁLA Í FJARÐABYGGÐ

Páll Björgvin Guðmundsson,
Bæjarstjóri Fjarðabyggðar



# Núverandi staða




- Nýtt yfirlitskort yfir fiskeldi í Fjarðabyggð
- Ný starfsleyfi
- **Eldri heimildir (f. 2012)**
- Framleiðsla í umsagnarferli

Mjóifjörður og Norðfjarðarflói
Burðarþolsmat vantar

| Fjörður | Fyrirtæki | Svæði | Magn | Staða |
|---|---|---|---|---|
| Mjóifjörður og Norðfjarðarflói | Fiskeldi Austfjarða | Mjóifjörður, Hellisfjörður, Viðfjörður | 10000 | Í mati |
| Mjóifjörður og Norðfjarðarflói | Samherji | Þrír staðir í Mjóafirði | 3000 | Staðfest |
| Mjóifjörður og Norðfjarðarflói | Tó | Brekka | 200 | Staðfest |



Reyðarfjörður
Burðarþolsmat: 20.000 tn.

| Fjörður | Fyrirtæki | Svæði | Magn | Staða |
|---|---|---|---|---|
| Reyðarfjörður | Laxar fiskeldi | Bjarg, Gripaldi, Sigmundarhús | 6000 | Staðfest |
| Reyðarfjörður | Laxar fiskeldi | Kolmúli, Vattarnes, Rifsker, Miðstrandarvík, Hjálmeyri, Hafranes | 10000 | Í mati |






| Fjörður | Fyrirtæki | Svæði | Magn | Staða |
|---|---|---|---|---|
| Fáskrúðsfjörður | Laxar fiskeldi | Svæði 1, 2 og 3 | 4000 | Í mati |
| Fáskrúðsfjörður | Fiskeldi Austfjarða | Eyri, Fagraeyri, Höfðahúsabót | 3000 | Staðfest |
| Fáskrúðsfjörður | Fiskeldi Austfjarða | Höfðahúsabót, Æðasker | 7000 | Í mati |
| Fáskrúðsfjörður | Þorskeldi | Sævarendaströnd | 200 | Staðfest |

Fáskrúðsfjörður

Burðarþolsmat 15.000 tn.

| Fjörður | Fyrirtæki | Svæði | Magn | Staða |
|---|---|---|---|---|
| Stöðvarfjörður | Fiskeldi Austfjarða | Hvalnes | 10000 | Í mati |
| Stöðvarfjörður | Þorskeldi | Óstaðsett | 200 | Staðfest |

Stöðvarfjörður

Burðarþolsmat vantar

# Samandregið

| Starfsleyfi (í ferli) | Fiskeldi Austfj. tn | Laxar fiskeldi tn | Smt. tn | Burðarþol |
|---|---|---|---|---|
| Mjóifjörður/ Norðfjarðarflói | (10.000) | | **10.000** | Vantar |
| Reyðarfjörður | | 6.000 + (10.000) | **16.000** | 20.000 tn |
| Fáskrúðsfjörður | 3.000 + (7.000) | (4.000) | **14.000** | 15.000 tn |
| Stöðvarfjörður | (10.000) | | **10.000** | Vantar |
| Smt. | **30.000** (27.000) | **20.000** (14.000) | **50.000** | |




| Austfirðir í heild | Fjb. tn. | Austf. smt. tn. | Fjb. % |
|---|---|---|---|
| Starfsleyfi ný | 6.000 | 12.000 | 50% |
| Í ferli | 41.000 | 62.000 | 66% |
| Ný leyfi + í ferli | 47.000 | 74.000 | 63% |

# Uppbyggingaráform

- Áform uppi um framleiðslu á allt að 50 þús. tonnum af eldisfiski.
- Burðarþolsmat mun skera úr um hver heildarframleiðsla getur orðið.
- Burðarþol smt. 35.000 tn. á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.
- Mjóifjörður/Norðfjarðarflói og Stöðvarfjörður eru enn í mati.
- Laxar fiskeldi hefja í sumar framleiðslu vegna 6.000 tn. starfsleyfis félagsins í Reyðarfirði.

Hvaða þýðingu hafa þessi áform fyrir sveitarfélagið?

# Atvinnutengd áhrif fiskeldis – áætlað dæmi

Ef miðað er við 20.000 tn framleiðslu (**skv. matsáætlun Laxa fiskeldis**):

- Allt að 140 ársverk sem skiptast í 80 störf við eldi, slátrun og vinnslu og 60 störf vegna rekstar og viðhalds.
- Innifalin eru einnig sérmenntuð störf í eldi og stjórnun framleiðslunnar.
- Jákvæð margfeldisáhrif – flutningsaðilar, verktakar, hafnarstarfsemi, netagerð o.fl.

Áætlaðar tekjur bæjarsjóðs og hafnarsjóðs:

- Gæti gefið um 120 -135 m.kr. á ári í hafnartengd gjöld (allt eftir útflutningsverðmæti á hverjum tíma).
- Gæti gefið 65 -150 m.kr. á ári í fasteignagjöld allt eftir stærð vinnslustöðvar og nýtingarhlutfalli lóðar.
- Útsvarstekjur gætu orðið 100 til 130 m.kr. allt eftir nýsköpun starfa.

# Aðkoma sveitarfélagsins

Skipulagsgerð

- Lóðaúthlutun og aðstaða í landi.
- Skipulagsstofnun hefur farið fram á að framleiðendur geri grein fyrir samræmi fyrirhugaðs eldis við aðalskipulag viðkomandi sveitarfélags.

Umsagnir

- Vegna mats á umhverfisáhrifum fiskeldis (Skipulagsstofnun), umsókna um starfsleyfi (Umhverfisstofnun) og rekstrarleyfa (Fiskistofa).

Kæruleiðir, dómstólar

- Stjórnsýslukærur s.s. til kærunefndar umhverfis- og auðlindamála og ráðuneyta. Lögsóknir.

# Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027

**Atvinnusköpun** -> Leggja skal áherslu á allar meginatvinnugreinar, til að í boði verði störf fyrir sem flesta.

**Fjölbreytni** -> Stefnt skal að framsæknu, öflugu og fjölbreyttu atvinnulífi sem nýtir auðlindir svæðisins á grunni sterkbyggðra innviða sveitarfélagsins.

**Umhverfi** -> Þess skal gætt að starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja sé í sem bestri sátt við náttúru og samfélag og að fiskeldi valdi ekki neikvæðum umhverfisáhrifum.

**Hagfelldar aðstæður** -> Í fjörðum Fjaraðbyggðar eru góðar aðstæður til fiskeldis. Þekking, reynsla heimamanna og möguleg jákvæð áhrif á atvinnulíf mælir á heildina litið með fiskeldi.

**Framtíðarmöguleikar** -> Fiskveiðar,  fiskeldi og skotveiði geta skapað möguleika á frekari matvælaiðnaði.

# Umsagnir sveitarfélagsins – helstu áherslur

- **Sveitarfélag**
  - Óheft skipaaðgengi á fjörðum, óheftir möguleikar í uppbyggingu á annarri hafnsækinni atvinnustarfsemi, óheft aðgengi að efnistöku í fjörðum.
- **Umhverfi**
  - Áhrif á fjöru og fjörulíf, samlegðaráhrif á vistkerfi fjarðar, úrgangsmál, afdrif fiskeldisbúnaðar leggist starfsemi niður.
- **Samfélag**
  - Samlegðaráhrif á samfélag og þróun í ferðaþjónustu, sjónræn áhrif, lífsgæði íbúa, upplifun ferðamanna, áhrif á ósnortna ásýnd eyðifjarða.

# Áskorunin

## Flóar, firðir og hafsvæði undanskilin

- Skipulagslög ná 115 m út í sjó frá stórstraumsfjörumáli. Það þýðir að flóar, firðir og hafsvæðið í kringum landið er undanskilið skipulagslögum.

## Skipulagsvald

- Helsta tæki sveitarfélaga til að gæta heildarhagsmuna sinna til framtíðar litið.
- Aðalskipulag – hvert viljum stefna.
- Deiliskipulag – hvernig á að fylgja stefnunni/sameiginlegum hagsmunum eftir.

## Áskorunin

- Án skipulagsvaldsins, hvernig geta sveitarfélög gætt heildarhagsmuna sinna?
- Dæmi:
  - Staðsetningar kvíaklasa hindra skipaumferð og/eða frekari atvinnuþróun í hafsækinni starfsemi.
  - Tjón vegna búnaðar sem skilinn er eftir þegar starfsemi hefur verið hætt.

## Hvað er til ráða?

- Samningar við fiskeldisfyrirtæki, sbr. skuldbindandi yfirlýsingu Laxa Fiskeldis ehf. til Fjarðabyggðar.
- Kæruleiðin og dómstólaleiðin, sbr. kæru FJB til kærunefndar umhverfis- og auðlindamála vegna rekstrarleyfis.
- Skýrar áherslur í umsögnum vegna mats á umhverfisáhrifum og leyfisveitinga.
- Vinna að því að fá flóa og firði fellt undir skipulagslöggjöfina.

# Skipulag strand og hafsvæða

- Frumvarp til laga þar sem svæðisráðum er falið að gera skipulag fyrir einstök strand- og hafsvæði á grundvelli heildarstefnu stjórnvalda. Eru „einskiptisráð“.
- Sveitarfélög skipa 1 af 6 í hverju ráði eða 2 af 7 fulltrúum ef aðliggjandi sveitarfélög eru fleiri en þrjú. Aðra fulltrúana skipa ráðherrar orku- og ferðamála, sjávarútvegsmála, samgöngumála og umhverfis- og auðlindamála (sem er jafnframt formaður ráðsins). Þá fær Samband ísl. sveitarfélaga 1 fulltrúa.
- Meirihlutasamþykki eða samþykki allra ráðuneytisfulltrúa nægir til að staðfesta skipulagið, sem nær nú 30 m upp í fjöru (í stað 115 m í sjó fram).
- Skerðir áhrif sveitarfélaga yfir skipulagi innfjarða og flóa, sem fer úr því að vera óbeint í svo til ekkert.
- Má velta því upp hvort ekki ætti að byggja betur upp og styrkja núverandi skipulagskerfi frekar en að setja á nýtt kerfi sem gengur þvert á það sem fyrir er.

# Takk fyrir








